



Áramót félagsins í haglabyssugreininni Skeet var haldið um helgina. Keppt var eftir forgjafarkerfi félagsins. Örn Valdimarsson sigraði með 67 stig af 75 mögulegum en hann nýtur engra forgjafa þar sem hann er í meistaraflokki. Annar varð unglingurinn Marínó Eggertsson 61+6=67 stig en hann er í 2.flokki og fær við það tvö stig í forgjöf í hverjum hring eða alls 6 stig í þremur hringjum. Þeir voru því jafnir eftir aðalkeppnina og skutu síðan bráðabana um gullið þar sem reynsluboltinn hafði betur. Í þriðja sæti varð Aðalsteinn Svavarsson með 57+6=63 stig.